

E 1/2022

Fyrirspyrjandi Alexander Grandt
Til Ríkisstjórna Norðurlanda

Til Ríkisstjórna Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn um úttekt á afleiðingum pólitískra aðgerða á fjármálastefnu

Á Norðurlöndum erum við stolt af alhliða norrænu velferðarlíkani okkar. Við höfum skapað háþrúð og samkeppnishæf samfélög. Norðurlöndin eru meðal ríkustu landa heims, um leið og samfélög okkar eru einnig meðal þeirra þar sem ójöfnuður milli fólks er minnstur.

En samfélög okkar standa einnig frammi fyrir áskorunum. Þar eru loftslagsbreytingarnar langstærstar, en efnahagslegur ójöfnuður fer einnig vaxandi á Norðurlöndum. Norrænir stjórnámamenn á þessu sviði munu þurfa að finna svör við hvernig við sköpum sjálfbær velferðarsamfélög, sem skapa tækifæri fyrir fólk og þar sem komist verður hjá auknum efnahagslegum ójöfnum milli fólks.

Því vil ég gjarnan beina fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda um hvernig útreikningum þeirra á afleiðingum pólitískra aðgerða á fjármálastefnu er háttáð í dag. Þau dýnamísku áhrif sem eru meðtalin í t.d. skattaívilnunum í samanburði við fjárfestingu í velferð geta verið breytileg frá einu landi til annars á Norðurlöndunum. Fyrirspurnin er viðeigandi til að varpa ljósi á hvernig reiknilíkön framtíðar geta tekið tillit til áhrifa loftslags og umhverfis og hvernig pólitískar aðgerðir hafa áhrif á ójöfnuð, vinnuframboð, eftirspurn o.s.frv.

Það hefur miklar afleiðingar fyrir áhrifin á fjármál hins opinbera, ef eingöngu eru reiknuð bein áhrif (hugsanlega með viðsnúningi), eða ef áætluð áhrif breytts atferlis (þar á meðal t.d. breytt vinnuframboð) eru einnig tekin með í dæmið – nánar tiltekið svonefnd dýnamísk áhrif.

Ef ytri áhrif eru tekin með í reikninginn, verða skattaívilnanir venjulega ódýrari og fjármagna þar með að hluta til sig sjálfar, á meðan framfærslubætur frá hinu opinbera eða útgjöld til velferðarmála verða venjulega mun hærri. Því er einnig við hæfi, í ljósi þróunar velferðarsamfélaga okkar, að löndin reikni með ytri áhrif vegna fjárfestinga til velferðarmála í t.d. heilbrigðismálum, skólum, menntun, samgöngum o.s.frv. og þegar skipulagsbreytingar fara fram, fjárlög o.s.frv.



Í ljósi ofangreinds eru eftirfarandi spurningar lagðar fram:

- 1) Eru ytri áhrif alla jafna tekin með við mat á áhrifum pólitískra aðgerða á fjármál hins opinbera til skemmri tíma litið? Með þessu er átt við, hvort áætluð ytri áhrif við innleiðingu laga hafi strax frá gildistöku áhrif á fjármálalegt svigrúm, sem megi nýta til fjármögnunar annarra pólitískra aðgerða.
- 2) Eru ytri áhrif bara tekin með í reikninginn á sumum sviðum (t.d. breytingar á skatti, opinberri þjónustu og bótum) og ekki öðrum (t.d. opinberri neyslu eða opinberum fjárfestingum)?
- 3) Hver eru rökin að baki ákvörðunar um að taka með eða taka ekki með ytri áhrif í útreikning á áhrifum á fjármál hins opinbera?
- 4) Eru áhrifin á loftslag og umhverfi venjulega tekin með við mat á áhrifum pólitískra aðgerða?
- 5) Eru áhrif skiptingar (þar á meðal tekju- og eignaskiptingar) venjulega tekin með við mat á áhrifum pólitískra aðgerða?

Kaupmannahöfn, 11. janúar 2022

Alexander Grandt (S)